

Tillaga til 471. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 18. febrúar 2021

Tillaga frá 553. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór þann 10. febrúar 2021 um að bæjarstjórn heimili vinnslu á deiliskipulagi Botnsvirkjunar og Hvallátursvirkjunar skv. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Nefndin bendir þó á að svæðið er undir friðlýsingu frá Náttúrufræðistofnun Íslands sem og hverfisvernd í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar og því er ekki samræmi milli áforma og aðalskipulags.

Beiðninni um breytingu á aðalskipulagi er vísað inn í vinnu við endurskoðun aðalskipulags Ísafjarðarbæjar.

2. Dýrafjörður virkjanir Botnsvirkjun Hvallátursvirkjun - 2021020045

Verkís ehf. fyrir hönd landeigenda Botns og Dranga í Dýrafirði óskar eftir heimild til að vinna tillögu að deiliskipulagi fyrir tvær virkjanir, Botnsvirkjun og Hvallátursvirkjun. Unnin verða deiliskipulög fyrir hvora virkjun fyrir sig, í samræmi við meðfylgjandi skipulags- og matslýsingar og skipulagslög nr. 123/2010. Jafnframt er óskað eftir að ofangreind áform verði tekin til skoðunar við endurskoðun aðalskipulags Ísafjarðarbæjar.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila vinnslu á deiliskipulagi Botnsvirkjunar og Hvallátursvirkjunar skv. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Nefndin bendir þó á að svæðið er undir friðlýsingu frá Náttúrufræðistofnun Íslands sem og hverfisvernd í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar og því er ekki samræmi milli áforma og aðalskipulags.

Beiðninni um breytingu á aðalskipulagi er vísað inn í vinnu við endurskoðun aðalskipulags Ísafjarðarbæjar.